

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Húnaþings vestra.

1. gr.

Hitaveita Húnaþings vestra selur heitt vatn úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi sveitarfélagsins Húnaþings vestra og hún hefur umráðarétt yfir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð nr. 1192/2012 með síðari breytingum staðfesta af iðnaðarráðherra fyrir Hitaveitu Húnaþings vestra.

2. gr.

Hitaveita Húnaþings vestra lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja orkumæli fyrir hvert upphitunarkerfi og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selt heitt vatn við orkuinnihald. Hitaveitan ræður gerð orkumæla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

3. gr.

Ef kaupandi óskar að mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrar-gjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðréttá reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða Hitaveita Húnaþings vestra, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

4. gr.

Hitaveita Húnaþings vestra hefur virkjað þrjú jarðhitasvæði, sem eru á Laugarbakka, Reykjaskóla og Borðeyri. Dreifikerfið er með vatn sem hefur mismunandi hitastig eftir virkjuðum svæðum og staðsetningu. Innheimt er eftir orkumæli (kr./kWst.) og er gjald fyrir einingu miðað við orkuinnihald og er það sama á öllum svæðum. Viðmiðunarhitastig á bakrás orkumælingar er 30 gráður.

5. gr.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

a) Orkugjald skv. mæli	2,90 kr./kWst.
b) Orkugjald skv. mæli fyrir gróðurhús	0,62 kr./kWst.
c) Orkugjald skv. mæli fyrir sundlaugar	0,72 kr./kWst.
d) Fastagjald	
A 15 mm	14.597 kr./ár
B 20-25 mm	28.444 kr./ár
C 32-50 mm	60.893 kr./ár
D 65 mm og stærri.	83.127 kr./ár
e) Lokunargjald	4.400 kr.

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Húnaþings vestra skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð í þéttbýli:

<i>Þvermál pípu stál</i>	<i>Þvermál pípu plast</i>	<i>Heimæðargjald</i>	<i>Viðmiðunar stærðir húsnæðis</i>
20 mm	25 mm	kr. 280.159	allt að 1.200 m ³
25 mm	32 mm	kr. 411.726	1.200-2.600 m ³
32 mm	40 mm	kr. 624.054	2.600-4.000 m ³
40 mm	50 mm	kr. 1.153.550	4.000-10.000 m ³

Ef um sverari heimæðar er að ræða skal semja um það sérstaklega.

Lengdargjald í þéttbýli, greiða skal fyrir hvern metra umfram 25 metra innan lóðarmarka. 4.376 kr./m.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli umfram einn á sama inntak er kr. 38.748.

Heimæðargjald Hitaveitu Húnaþings vestra í dreifbýli, frávik og breytingar. Gjöld fyrir hitaveitugagnir í dreifbýli og aðrar stærðir heimæða en um getur að ofan svo og fyrir breytingar greiðist samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimæðina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Heimæðargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar október 2012 577,1 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta heimæðagjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda skv. 79. gr. laga nr. 58/1967, með síðari breytingum.

9. gr.

Hitaveita Húnaþings vestra hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun greiðir sá sem vanskilum veldur hverju sinni.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húnaþings vestra skal, hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi sem er sett samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 með síðari breytingum skal taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 599/2016.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. október 2019.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Hreinn Hrafnkelsson.